

Tillaga:

Miðstjórn ASÍ kanni fýsileika þess að verkalýðshreyfingin sameinist um útgáfu fréttablaðs og haldi úti fréttavef sambærilegu við „Bændablaðið“ og skyldan vef þess með sambærilegri útgáfutíðni og dreifingu.

.....

Greinargerð:

Miðstjórn hafi í huga að heppilegt kunni að vera að verkefni þetta verði best sinnt með því að skipa nefnd með fulltrúum félaga og samtaka með sama hætti og Miðstjórn ASÍ er skipuð.

Slík nefnd gæti kannað núverandi heildarkostnað, beinan og óbeinan við útgáfu stéttarfélagana að meðtöldum starfsmannakostnaði, kostnaði við prentun og dreifingu . Jafnframt yrði skoðað hve mörg heilsársstörf, bein og í verktakavinnu, eru unnin við núverandi blaðaútgáfu stéttarfélaga, bæði rafræna og í prenti.

Með ákvörðun Miðstjórnar gæti nefndin einnig skoðað núverandi tekjur við útgáfu stéttarfélagsblaða sem og að kannað og gert áætlun um mögulegar tekjur við auglýsingasölu við útgáfu á sameiginlegu fréttablaði og vefmiðli.

Æskilegt væri að fengnum tilgreindum upplýsingum að nefndin skili rökstuddu álti til Miðstjórnar um hvort farið skuli í útgáfu slíks fréttablaðs með sambærilegum kostnaði og útgáfa núverandi stéttarfélagsblaða og vefmiðla og því skilað eigi síðar en 1. febrúar 2015.

Rökstuðningur.

Verkalýðshreyfingin er samfélagsmótandi og leiðandi afl sem hefur í gegnum kjarasamninga og samvinnu við stjórnvöld og atvinnurekendur byggð upp velferðarsamfélag byggt á jöfnuði og , jöfnum tækifærum til menntunar og aðgangs að heilbrigðiskerfi án tillit til tekna. Þannig höfum við reist varnarmúr í kringum okkar minnstu bræður og systur en jafnframt byggt okkur vígi til aukinnar sóknar til að bæta lífskjör alls almennings.

En að þessari hugmyndafræði og kviku framtíðarsýn verkalýðshreyfingarinnar um velferðarsamfélag er sótt, ekki aðeins hér innanlands heldur einnig að utan. Þrýstingur er á að lönd bæti samkeppnishæfi sitt með lakara velferðarkerfi, lakari kjörum og lakari réttindum launafólks – að sótt sé í lægsta samnefnarann í þessu tilliti. Því hlýtur verkalýðshreyfingin að hafna.

Vissulega stendur verkalýðshreyfingin varðstöðuna í gegnum kjarasamninga og brokkengt samtarf við ríkisstjórn á hverjum tíma en á sér þó ekkert málagn. Það eru því aðrir sem stjórna umræðunni í samfélagini í gegnum fjölmíðla. Að hlutlausu ríkisútvarti og sjónvarpi er sótt með fjárvelti og pólitískri aðför með ásökunum hlutdrægni og flokkapólitík og skorti á fagmennsku.

Atvinnurekendur, ekki síst útvegsmenn reka eitt þekktasta vörumerkið í fjölmíðlaflórunni, Morgunblaðið og Mbl.is í grímulausri baráttu fyrir sérhagsmunum sínum. Stöð 2 og Fréttablaðið byggja afkomu sína á sölu auglýsinga sem eðli málsins samkvæmt getur og hefur áhrif á val og framsetningu fréttu. Það er ekki við starfsmenn og faglegheit þeirra að sakast svona er þetta bara, allsstaðar.

Verkalýðshreyfingin hefur á stundum liðið fyrir áhrifaleysi sitt í fjölmíðlum sem oft er áhugasamari um hver segir hvað en hvað er sagt og áhrif þess á samfélagið. Þessu þarf að breyta.

Verkalýðshreyfingin þarf sitt málagn. Bændur hafa sitt málagn sem hefur náð árangri í skoðanamyndum í samféluginu og reynist sterkur hagsmunavörður en er jafnframt stéttarfélagslegur vettvangur.

Fjöldiðlar verða seint reknir hér á landi á góðaskyni – rekstur þeirra og tilvist byggir á öðrum forsendum. Svo væri einnig um fjöldiðil – dagblað á vegum verkalýðshreyfingarinnar.

Í dag er umtalsverðu fé og mannskap ráðstafað til útgáfu blaða á vegum einstakra stéttarfélaga og sambanda. Það er álit tillöguflyttjenda að þeim fjármunum sé betur ráðstafað í útgáfu sameiginlegs fréttablaðs sem jafnframt væri vettvangur stéttarfélagana að koma sértækum skilaboðum til sinna félagsmanna.

Hinsvegar væru verðmætin í sameiginlegu blaði ekki síst möguleikinn til að upplýsa og uppfræða allan almenning, sem samanstendur að stærstum hluta af launþegum, um starf, tilgang, markmið og verkefni hreyfingarinnar hverju sinni. Þannig styrkast möguleikar verkalýðshreyfingarinnar til að standa vörð um þann árangur sem náðst hefur og leggja grundvöllinn að frekari velferð og lífskjarasókn til framtíðar.

Með sameiginlegum miðli gefst tækifæri til að snúa vörn í sókn. Slíkt blað gæti orðið öflug framlenging á verkalýðshreyfingunni, verið samfélagsmótandi, umræðuskapandi og upplýsandi. Jafnframt myndi slíkur miðill veita ríkisvaldi, peningavaldi og okkur sjálfum nauðsynlegt aðhald með sjálfstæðri og faglegri ritstjórn.

Flutningsmaður:

Kristinn Örn Jóhannesson, VR

Meðflutningsmenn:

Benóný Valur Jakobsson, VR

Benóný Valur Jakobsson, VR
PERSONA FRÍSTÍD.
Gils Einarsson VMS
Bjarni Þór Sigðursson, VR

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR

Gils Einarsson VMS

Bjarni Þór Sigðursson, VR

Stuðningsmenn:

Harpa Sancar, VR
Jónas Þófinnsson
Elva Þróunn Hjartardóttir, VR
Guðlaug Þóra Guðmundsdóttir
Þóra Kristín Þórssdóttir
Georg Pál Skálason
Þóra Kristín Hallgrímsdóttir
Þóra Kristín Hallgrímsdóttir
Þóra Kristín Hallgrímsdóttir